Nýsköpunarstefna Suðurlands

UNNIÐ AF
HÁSKÓLAFÉLAGI
SUÐURLANDS FYRIR
SAMTÖK SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

2026

Yfirlit aðgerða

AÐGERÐ 1

Samstarfs- og samtalsvettvangur nýsköpunar á Suðurlandi

Sett verður á fót formlegur samstarfs- og samtalsvettvangur þar sem helstu hagaðilar nýsköpunar á Suðurlandi koma reglulega saman til að samræma áherslur, efla tengsl og styðja við þróun nýsköpunarverkefna.

Tímabil
2 ár

Stoð
Innviðir

AÐGERÐ 2

Aukin nýting og aðgengi að styrkjum fyrir atvinnugreinar Suðurlands

Unnið verður markvisst að því að auka hlutdeild Suðurlands í úthlutunum opinberra styrkja með því að bæta aðgengi að upplýsingum ásamt því að efla hæfni einstaklinga og fyrirtækja til að sækja um fjármögnun.

Tímabil
2-3 ár

Stoð
Fjármagn

AÐGERÐ 3

Verkfærakista sveitarfélaga fyrir nýsköpunarfyrirtæki

Þróuð verði verkfæri og tillögur að hvötum sem sveitarfélög geta nýtt til að styðja við frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki, sérstaklega á fyrstu stigum uppbyggingar.

Tímabil
2 ár

Stoð
Fjármagn

AÐGERÐ 4

Uppbygging sérhæfðs fjármögnunarumhverfis og sjóða á Suðurlandi

Unnið verði að því að auka fjármagnsflæði til nýsköpunar með því að byggja upp öflugt fjármögnunarumhverfi á Suðurlandi.

Tímabil
5 ár

Stoð
Fjármagn

AÐGERÐ 5

Uppbygging miðstöðvar nýsköpunarmenningar og atvinnuþróunar á Suðurlandi

Kannaður verði grundvöllur fyrir sameiginlegri miðstöð nýsköpunar og atvinnuþróunar á Suðurlandi þar sem atvinnulíf, frumkvöðlar, sveitarfélög, stuðningskerfi og þekkingarsamfélag geti komið saman undir einu þaki.

Tímabil
Allt að 10 ár

Stoð
Innviðir

AÐGERÐ 6

Hringrásarhagkerfi Suðurlands

Efld verði samvinna milli fyrirtækja og atvinnugreina til að nýta betur hliðarafurðir, úrgang, vatn, orku og aðra auðlindastrauma.

Tímabil
2-5 ár

Stoð
Innviðir

AÐGERÐ 7

Uppbygging nýsköpunarmenningar í gegnum menntun

Stuðlað verði að uppbyggingu nýsköpunarmenningar á Suðurlandi með því að efla nýsköpunarhugsun, frumkvæði og skapandi lausnaleit á öllum skólastigum.

Tímabil
3 ár

Stoð
Viðhorf

AÐGERÐ 8

Viðurkenning fyrir nýsköpun í starfandi fyrirtækjum

Viðurkenning fyrir starfandi fyrirtæki á Suðurlandi sem sýna frumkvæði, árangur og metnað í nýsköpun.

Tímabil
3 ár

Stoð
Viðhorf

Flokkar
- Stuðningskerfi
- Atvinnulíf
- Þekkingarsamfélag
- Sveitarfélög

Efnisyfirlit

Formáli 7

Ingunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SASS

Inngangur 9

Hluti I

Tengsl við aðrar stefnur 11

Suðurland 15

Hluti II

SVÓT greining 21

Samráð og mótun stefnunnar 25

Þrjár grunnstoðir nýsköpunar 29

Hluti III

Yfirmarkmið aðgerða 33

1 Samstarfs- og samtalsvettvangur nýsköpunar á Suðurlandi 34

2 Aukin nýting og aðgengi að styrkjum fyrir atvinnugreinar Suðurlands 36

3 Verkfærakista sveitarfélaga fyrir nýsköpunarfyrirtæki 38

4 Uppbygging sérhæfðs fjármögnunarumhverfis og sjóða á Suðurlandi 40

5 Uppbygging miðstöðvar nýsköpunarmenningar og atvinnuþróunar á Suðurlandi 42

6 Hringrásarhagkerfi Suðurlands 44


7 Uppbygging nýsköpunarmenningar í gegnum menntun 46

8 Viðurkenning fyrir nýsköpun í starfandi fyrirtækjum 48

Framkvæmd og fjármögnun aðgerða 51

Samantekt 53

Eftirmáli 55



Formáli

Suðurland býr yfir miklum styrkleikum til nýsköpunar. Fjölbreytt atvinnulíf, öflug samfélög, verðmætar auðlindir og víðtæk þekking skapa tækifæri til að þróa nýjar lausnir og auka verðmætasköpun um allan landshlutann.

Nýsköpunarstefna Suðurlands var unnin af Háskólafélagi Suðurlands fyrir SASS sem áhersluverkefni á vegum Sóknaráætlunar, í samstarfi og samráði við fjölbreyttan hóp hagaðila um allt Suðurland. Sú breiða þátttaka endurspeglar þá trú að styrkur landshlutans liggi ekki síst í því sem við getum skapað saman.

Það er nefnilega svo að enginn einn byggir upp öflugt nýsköpunarumhverfi. Það verður til þegar fólk, fyrirtæki, sveitarfélög og þekkingarsamfélag vinna saman, deila þekkingu og sjá tækifærin í styrkleikum hvers annars.

Stefnunni er ætlað að vera lifandi verkfæri sem styrkir tengsl þvert á svæði og greinar og skapar betri skilyrði fyrir góðar hugmyndir til að vaxa og verða að nýjum verkefnum og verðmætum á Suðurlandi.

Ingunn Jónsdóttir
framkvæmdastjóri SASS



Inngangur

Inngangur

Nýsköpun er ekki framtíðarverkefni Suðurlands. Hún er verkfærið sem mótar framtíðina.

Með sameiginlegri sýn, skýrum aðgerðum og virku samstarfi getur Suðurland byggt upp nýsköpunarumhverfi þar sem hugmyndir fá farveg, fólk stuðning og tækifæri verða að veruleika.

Tilgangur nýsköpunarstefnu Suðurlands er að leggja grunn að markvissri uppbyggingu nýsköpunar í landshlutanum og nýta þá fjölbreyttu styrkleika sem felast í ólíkum svæðum, auðlindum, samfélögum og atvinnugreinum.

Stefnan varð til með virku samtali við hagaðila og mynduð út frá áherslum núverandi þarfa samfélagsins. Hún er því lifandi stefna þar sem aðgerðir geta verið aðlagaðar ef breytingar í umhverfinu krefjast þess.

Með þessari fyrstu sameiginlegu nýsköpunarstefnu heils landshluta er stigið stórt skref í átt að aukinni verðmætasköpun og samkeppnishæfni Suðurlands.



Tengsl við aðrar stefnur

Nýsköpunarstefna Suðurlands stendur ekki ein og sér heldur tengist hinum fjölmörgu stefnum og áætlunum sem móta þróun atvinnulífs, menntunar, innviða og samfélags.

Sú tenging á sér stað á landsvísu, landshlutavísu, innan sérstakra sveitarfélaga og atvinnugreina. Stefnan er hugsuð sem sameiginlegur farvegur til að tengja þessar áherslur við sérstöðu Suðurlands og færa þær nær framkvæmd í gegnum markvissar aðgerðir, samstarf og eftirfylgni.



Sóknaráætlun Suðurlands 2025–2029 mótar sameiginlega sýn sveitarfélaga á þróun landshlutans. Nýsköpunarstefnan styður við þá sýn með því að setja skýrari ramma utan um eflingu nýsköpunarvistkerfisins, samstarf hagaðila og þróun hugmynda yfir í verkefni, fyrirtæki og verðmætasköpun.



Atvinnustefna Íslands til 2035 leggur áherslu á verðmætasköpun, nýsköpun, framleiðni, sjálfbæra nýtingu auðlinda og samkeppnishæfni. Nýsköpunarstefna Suðurlands getur nýst sem svæðisbundin útfærsla á þessum áherslum með hliðsjón af sérstöðu, auðlindum og tækifærum landshlutans.




Nýsköpunarlandið Ísland til 2030 fjallar um lykilforsendur nýsköpunar, það er viðhorf, mannauð, fjármögnun, markaðsaðgengi og umgjörð. Þessar áherslur ríma vel við grunnstoðir nýsköpunarstefnu Suðurlands sem eru viðhorf, fjármagn og innviðir.



Menntastefna Íslands til 2030 leggur áherslu á færni, vaxtahugarfar og tækifæri fólks til að læra og þróast. Tengingin er mikilvæg fyrir nýsköpun sem byggir á þekkingu, hæfni og frumkvæði.



Auk þess styður stefnan við landsstefnur á borð við Matvælastefnu Íslands, Ferðamálastefnu, Orkustefnu Íslands og Heilbrigðisstefnu. Þær tengjast styrkleikum og tækifærum Suðurlands á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu, ferða-þjónustu, orkuvinnslu, grænna lausna, heil-brigðisþjónustu og sjálfbærrar nýtingar auðlinda. Nýsköpunarstefnan tengir þessar áherslur við staðbundin tækifæri, styður við nýsköpun, tækni-framfarir og þróun nýrra lausna í atvinnulífi og samfélagi. Á sveitarfélaga- og svæðisvísu tengist stefnan staðbundnum atvinnustefnum, svo sem atvinnumálastefnu neðri hluta Árnessýslu, uppsveita Árnessýslu og atvinnustefnu Ölfuss. Þar koma fram áherslur á fjölbreyttara atvinnulíf, nýsköpun, verðmætasköpun, innviði, samvinnu, matvælaframleiðslu, orku og sérstöðu einstakra svæða. Einnig má tengja hana við áfangastaða-áætlun Suðurlands. Nýsköpunarstefnan getur þannig stutt við innleiðingu staðbundinna stefna og tengt við breiðara nýsköpunarvistkerfi landshlutans.



Suðurland

Suðurland er víðfeðmur og fjölbreyttur landshluti sem nær yfir 30.966 km² og um 375 km frá Herdísarvík í vestri að Lónsheiði í austri.

Svæðið spannar strönd, sveitir, þéttbýli og hálendi og nær yfir 15 sveitarfélög. Sérstaða Suðurlands felst í sterkum tengslum við náttúru, orku, landbúnað, matvælaframleiðslu, sjávarútveg, ferðaþjónustu og menningu. Þar má finna aflmiklar ár, jarðhita, frjósama jörð, jökla, eyðisanda, einstaka náttúrufegurð og öflugt mannlíf. Fjölbreytt samfélög, allt frá vaxandi þéttbýliskjörnum til minni byggða, sveita og öflugs eyjasamfélags, endurspegla breidd landshlutans.

Landshlutinn er bæði mikilvægur framleiðslu- og þjónustuvettvangur og hefur sterka stöðu þegar kemur að sjálfbærri nýtingu auðlinda. Samspil ólíkra atvinnugreina, auðlinda, þekkingar og samfélaga skapar jafnframt tækifæri til nýsköpunar og samstarfs þvert á hefðbundin mörk greina. Lausnir og þekking úr einni atvinnugrein geta skapað ný tækifæri í annarri og þannig orðið grunnur að aukinni verðmætasköpun. Þessi fjölbreytni mótar skýra sérstöðu Suðurlands og skapar sterkan grunn fyrir áframhaldandi nýsköpun.

Stoðkerfi nýsköpunar á Suðurlandi

Stoðkerfi nýsköpunar á Suðurlandi byggir á fjölbreyttum hópi aðila sem sinna ráðgjöf, þekkingarmiðlun, samstarfi og þróun fyrir frumkvöðla, fyrirtæki og sveitarfélög.

FabLab Selfoss, Höfn og Vestmannaeyjar

Veita aðgang að tækjum, aðstöðu og þekkingu til frumgerðar, prófana og stafrænnar framleiðslu.

Háskólafélag Suðurlands

Styður við nýsköpun, rannsóknir, menntun og þróun þekkingarsamfélags og tengir saman atvinnulíf, fræðasamfélag og frumkvöðla.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU)

Tekur virkan þátt í og styður við nýsköpun á sviði heilbrigðis- og velferðartækni. Með þátttöku í þróunar- og samstarfsverkefnum stuðlar stofnunin að innleiðingu nýrra lausna sem geta bætt heilbrigðisþjónustu, aukið skilvirkni og styrkt velferð íbúa á Suðurlandi.

Markaðsstofa Suðurlands

Styður við markaðssetningu, áfangastaðaþróun og sýnileika sem tengir saman ferðaþjónustu, skapandi greinar og sveitarfélög.

Nýheimar þekkingarsetur

Styður við nýsköpun, menntun, rannsóknir og menningu á Suðausturlandi. Samstarfsnet stofnana sem vinnur að eflingu tengsla og samvinnu þvert á samfélagið.



Orkídea

Vinnur að nýsköpun tengdri orku, auðlinda-nýtingu, matvælaframleiðslu og sjálfbærni. Tengir fyrirtæki, rannsóknir og opinbera aðila.

SASS – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Vinnur að byggða- og atvinnuþróun, stefnu-mótun og ráðgjöf og tengir sveitarfélög, atvinnulíf, stjórnvöld og sjóði. SASS tekur jafn-framt þátt í samstarfi landshlutasamtaka um nýsköpun og þróunarverkefni.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Tengir saman rannsóknir, þekkingu, atvinnulíf og samfélag og styður verkefni sem byggja á sérstöðu Vestmannaeyja.

Ölfus Cluster

Klasasamstarf sem styður við atvinnulíf, ný verkefni og fjárfestingar með áherslu á orku, matvæli, iðnað og auðlindanýtingu í Ölfusi.

Aðrir stuðningsaðilar

Byggðastofnun

Styður við atvinnu- og byggðaþróun, fjár-mögnun og þróunarverkefni í samstarfi við landshluta og aðra aðila.

Drift EA

Styður við nýsköpun innan starfandi fyrirtækja, meðal annars í gegnum verkefnið Kveikjuna.

Klak


Styður frumkvöðla og sprotafyrirtæki með hröðlum, ráðgjöf, tengslaneti og þróunarverkefnum.

Jarðhitagarður ON

Tengir saman orku, auðlindir og atvinnulíf og styður við þróun nýrra lausna og verðmætasköpun.

Heildarmyndin

Stoðkerfið er fjölbreytt og dreift og nokkur skörun er í ráðgjöf, fræðslu, tengslamyndun og verkefnaþróun. Helsta áskorunin er að tryggja skýra yfirsýn og einfaldari leið í gegnum kerfið – frá hugmynd að þróun, fjármögnun og vöxt.





SVÓT greining

SVÓT greiningin byggir á gögnum og sjónarmiðum sem safnað var á vinnustofum í stefnumótunarferlinu. Þátttakendur voru meðal annars beðnir um að greina helstu styrkleika og veikleika nýsköpunarumhverfisins, tækifæri til framtíðar og þær ógnanir sem gætu haft áhrif á þróun þess.

Niðurstöðurnar voru síðan flokkaðar, samþættar og greindar með það að markmiði að draga fram þau atriði sem komu ítrekað fram og höfðu mesta þýðingu fyrir nýsköpun á Suðurlandi. SVÓT greiningin endurspeglar því sameiginlega sýn þeirra fjölbreyttu aðila sem tóku þátt í mótun stefnunnar og myndar mikilvægan grunn fyrir markmið hennar og aðgerðir.

SVÓT-greiningin sýnir að Suðurland býr yfir sterkum grunni fyrir áframhaldandi þróun nýsköpunar. Helstu styrkleikar svæðisins liggja í einstökum náttúruauðlindum, öflugri



orkuframleiðslu, sterkum hefðbundnum atvinnugreinum og ríkri þekkingu sem hefur byggst upp í samfélaginu. Samspil náttúru, auðlinda, atvinnulífs og samfélags skapar svæðinu sérstöðu og raunhæf tækifæri til að auka verðmætasköpun.

Greiningin sýnir jafnframt að tækifæri til nýsköpunar eru fjölbreytt, meðal annars á sviði matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu, grænnar orku, heilbrigðisþjónustu, líftæknilausna og stafrænnar þróunar. Aukið samstarf milli atvinnugreina, sveitarfélaga og þekkingaraðila getur styrkt nýsköpunarumhverfið enn frekar og skapað öflugri tengingar milli hugmynda, fjármögnunar og framkvæmdar.

Á sama tíma dregur greiningin fram mikilvægar áskoranir sem þarf að bregðast við. Takmarkað aðgengi að fjármagni, skortur á sérhæfðu starfsfólki og veik samhæfing milli aðila geta hamlað framgang nýsköpunar. Einnig kemur fram að bil er víða milli hugmynda og framkvæmdar og að þörf sé á skýrari stuðningsramma.

Heildarniðurstaða greiningarinnar er sú að Suðurland hafi sterka stöðu og raunhæfa möguleika til að verða leiðandi svæði í sjálfbærri nýsköpun. Til þess þarf þó markvissa uppbyggingu á sviði viðhorfa, fjármagns og innviða, auk aukinnar samvinnu og samhæfingar milli þeirra aðila sem koma að þróun atvinnulífs og samfélags á svæðinu.

Hægt er að kynna sér heildar niðurstöður SVÓT greiningarinnar hér.



Samráð og mótun stefnunnar

Háskólafélag Suðurlands leiddi vinnuna við að móta nýsköpunarstefnu Suðurlands og var lögð áhersla á að fá fram fjölbreytt sjónarmið úr nýsköpunarumhverfi landshlutans.

Þátttakendum var skipt í fjóra meginhópa:


- **Stuðningskerfi**
  Ráðgjöf, klasar, þekkingarsetur og samstarfsverkefni.
- **Sveitarfélög**
  Skipulag, þjónusta, innviðir og staðbundið atvinnuumhverfi.
- **Þekkingarsamfélag**
  Skólar, rannsóknir, þekkingarmiðlun og mannauður.
- **Atvinnulíf**
  Fyrirtæki og stofnanir úr fjölbreyttum atvinnugreinum Suðurlands.


Alls voru haldnar þrjár vinnustofur þar sem unnið var með sérstöðu Suðurlands, tækifæri, hindranir og mögulegar aðgerðir. Í lokavinnustofunni var sérstaklega horft til lykilatvinnugreina og þarfa þeirra.

Úr vinnunni komu fram þrjú sameiginleg þemu sem mynduðu grunn að stefnunni og aðgerðum hennar:

Viðhorf
Fjármagn
Innviðir

Við forgangsröðun aðgerða var horft til þess að þær nýtist sem víðast á Suðurlandi, styðji fjölbreytt atvinnulíf og styrki þessar þrjár grunnstoðir nýsköpunar.







Þrjár grunnstoðir nýsköpunar

Til þess að efla nýsköpun á árangursríkan og sjálfbæran hátt þarf að horfa á hana sem samspil þriggja lykilþátta: viðhorfs, fjármagns og innviða.

Þessar þrjár stoðir mynda saman grunn að virku nýsköpunarvistkerfi, þar sem hver og ein er nauðsynleg en engin næg ein og sér.

→ Viðhorf

Viðhorf mótar það hvernig einstaklingar, fyrirtæki og samfélög nálgast breytingar, tækifæri og óvissu. Í grunninn snýst það um vilja til að prófa, þora og skapa.

Jákvætt og opið hugarfar gagnvart nýjum hugmyndum eykur líkurnar á frumkvæði, lausnaleit og þátttöku. Slíkt umhverfi ýtir undir svokallaða „já-menningu“, þar sem fleiri sjá tækifæri frekar en hindranir.

Viðhorf hefur einnig áhrif á hvernig brugðist er við áhættu og mistökum. Í nýsköpun er óvissa óhjákvæmileg og mistök eru eðlilegur hluti af ferlinu.

Jafnframt snýst viðhorf um aðgengi og þátttöku. Þegar skilningur ríkir á því að nýsköpun sé fyrir alla, eykst fjölbreytni hugmynda og fleiri taka þátt.

→ Fjármagn

Fjármagn er forsenda þess að hugmyndir geti þróast í raunveruleg verkefni og verðmætasköpun. Mikilvægt er að horfa ekki einungis til upphæðar fjármagns, heldur einnig aðgengi, tímasetningu og skilvirkni í fjármögnunarkerfinu.

Miklu máli skiptir að tryggja aðgengi að fjármagni á fyrstu stigum, þar sem óvissa er mest. Þegar stuðningur er til staðar snemma í ferlinu aukast líkur á að verkefni þróist áfram.

Ekki síður er mjög mikilvægt að huga að fjármögnun á þeim stigum þegar verkefni eru komin lengra en frumhugmynd eða rannsókn, en ekki enn tilbúin til framleiðslu í stórum stíl. Þar getur skapast ákveðið millibil í fjármögnun, þar sem þörf er á því til að þróa, prófa og framleiða afurðir í pilot-verkefnum. Þetta stig er oft ein helsta hindrunin við að koma afurðum á markað, þar sem kostnaður eykst en enn er óvissa með tekjumöguleika.

Fjármögnunarumhverfið þarf jafnframt að vera skýrt, aðgengilegt og fjölbreytt, þannig að ólík nýsköpunarverkefni geti fundið úrræði sem hæfa eðli þeirra, þroskastigi og fjármögnunarþörf. Mikilvægt er að frumkvöðlar, fyrirtæki og

rannsakendur hafi góða yfirsýn yfir hvar hægt er að sækja um styrki, fjárfestingu eða annan stuðning, svo rétt fjármagn nýtist á viðeigandi tíma í þróunarferlinu.

→ Innviðir

Innviðir eru undirstaða nýsköpunar er byggir á og mótar það umhverfi sem hugmyndir verða til og þróast.

Annars vegar eru þeir efnislegir, svo sem aðstaða, húsnæði, stafrænar tengingar og aðgengi að auðlindum. Hins vegar eru þeir óefnislegir, þar sem skýrir verkferlar, skilvirk stjórnsýsla og styðjandi regluverk skipta lykilmáli.

Innviðir snúa einnig að tengingum og samstarfi. Sterkt tengslanet og vettvangar fyrir samvinnu gerir okkur kleift að deila þekkingu, nýta auðlindir betur og flýta fyrir þróun.

Þessar þrjár stoðir eru nátengdar og háðar hver annarri. Árangursrík nýsköpun byggir á jafnvægi þeirra, þar sem unnið er markvisst að því að efla viðhorf, tryggja aðgengi að fjármagni og samtímis byggja upp sterka innviði.




Yfirmarkmið aðgerða

Meginmarkmið stefnunnar er að skapa öflugt og samkeppnishæft nýsköpunarumhverfi á Suðurlandi með því að styrkja viðhorf til nýsköpunar, bæta aðgengi að fjármagni og efla innviði.

Aðgerðirnar benda á raunhæfa möguleika sem hægt er að hrinda í framkvæmd svo stefnan skili áþreifanlegum verkefnum og afurðum sem efla nýsköpun í landshlutanum.

Með samstilltu átaki þessara þátta er markmiðið að auka verðmætasköpun, efla samstarf og tryggja að fleiri hugmyndir þróist í raunveruleg verkefni sem hafa jákvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf svæðisins.

AÐGERÐ 1



Samstarfs- og samtals-vettvangur nýsköpunar á Suðurlandi

Sett verður á fót formlegur samstarfs- og samtalsvettvangur þar sem helstu hagaðilar nýsköpunar á Suðurlandi koma reglulega saman til að samræma áherslur, efla tengsl og styðja við þróun nýsköpunarverkefna. Samhliða verður byggð upp betri yfirsýn yfir nýsköpunarumhverfið til að auðvelda tengingar, greina stuðningsþarfir og styðja markvisst við þróun verkefna.

Markmið með aðgerð

Auka samvinnu og samhæfingu milli hagaðila og skapa betri yfirsýn yfir nýsköpunarumhverfi Suðurlands.

Verkþættir

- Kortleggja helstu hagaðila nýsköpunar á Suðurlandi og byggja upp virkt tengslanet þeirra á milli.
- Koma á reglulegu samstarfi hagaðila með fundum og vinnustofum til að móta sameiginlega sýn og forgangsverkefni.
- Taka orkumál reglulega fyrir á samstarfsvettvanginum, í samráði við orkufyrirtæki og aðra hagaðila, með því að greina þarfir, flöskuhálsa og tækifæri tengd raforku, heitu vatni og flutnings- og dreifikerfum og móta sameiginlegar áherslur Suðurlands gagnvart stjórnvöldum og orkufyrirtækjum.
- Tengja nýsköpun við atvinnustefnur sveitarfélaganna
- Setja upp sameiginlegt yfirlit eða gagnagrunn yfir frumkvöðla, nýsköpunarfyrirtæki, verkefni og stuðningsaðila á Suðurlandi sem styður við tengingar, eftirfylgni og markvissa ráðgjöf milli hagaðila.
- Auka sýnileika sunnlenskrar nýsköpunar og vekja athygli á verkefnum og árangri á landsvísu og alþjóðlega.
- Tengja og efla mentora í umhverfi sunnlenskrar nýsköpunar.

Mælanleiki

Fjöldi virkra hagaðila, funda og samstarfsverkefna, fjöldi verkefna og fyrirtækja í sameiginlegu yfirliti og umfang miðlunar á sunnlenskri nýsköpun.

Tímabil

2 ár


Stoð

Innviðir

Flokkar

Stuðningskerfi · Atvinnulíf · Sveitarfélög · Sveitarfélög

AÐGERÐ 2



Aukin nýting og aðgengi að styrkjum fyrir atvinnugreinar Suðurlands

Unnið verður markvisst að því að auka hlutdeild Suðurlands í úthlutunum opinberra styrkja með því að bæta aðgengi að upplýsingum ásamt því að efla hæfni einstaklinga og fyrirtækja til að sækja um fjármögnun. Sérstök áhersla verður lögð á að styrkir nýtist mismunandi atvinnugreinum og verkefnum á ólíkum stigum þróunar.

Markmið með aðgerð

Auka aðgengi að styrkjum og bæta nýtingu þeirra meðal fyrirtækja og frumkvöðla.

Verkþættir:

- Kortleggja styrki, hvernig þeir nýtast mismunandi atvinnugreinum og hlutfall úthlutunar til Suðurlands.
- Tryggja að yfirlit um helstu styrki og sjóði sé aðgengilegt og einfalt og flokkað eftir eðli verkefna og atvinnugreina.
- Leita markvisst að evrópskum og öðrum samkeppnissjóðum og styðja við leit að samstarfsaðilum fyrir umsóknir og verkefni.
- Styrkjanet Suðurlands - kortleggja þá aðila sem geta veitt ráðgjöf í styrkumsóknum og leita leiða til að fjármagna aðstoð þeirra
- Auka fræðslu og þjálfun í styrkumsóknum og veita markvissa ráðgjöf til fyrirtækja og frumkvöðla

Mælanleiki

Fjöldi umsókna í styrkjasjóði, hlutfall og upphæðir veittra styrkja til Suðurlands.

Tímabil

2-3 ár


Stoð

Fjármagn

Flokkar

Stuðningskerfi · Atvinnulíf · Sveitarfélög

AÐGERÐ 3



Verkfærakista sveitarfélaga fyrir nýsköpunarfyrirtæki

Þróuð verði verkfæri og tillögur að hvötum sem sveitarfélög geta nýtt til að styðja við frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki, sérstaklega á fyrstu stigum uppbyggingar. Markmiðið er að auðvelda fólki að taka skrefið frá hugmynd yfir í fyrirtæki, draga úr fjárhagslegri áhættu á fyrstu stigum og skapa betri skilyrði fyrir því að nýsköpunarfyrirtæki geti byggst upp og starfað áfram í heimabyggð.

Markmið með aðgerð

Auka möguleika sveitarfélaga til að styðja við stofnun og uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja og skapa hvata fyrir fyrirtæki til að byggja starfsemi sína áfram í heimabyggð.

Verkþættir

- Kortleggja hvata sem geta gagnast nýsköpunarfyrirtækjum og sveitarfélög geta boðið uppá.
- Útbúa verkfærakistu með tillögu af úrræðum, svo sem afslætti af gjöldum, aðgengi að vinnuaðstöðu, tímabundnum rekstrarstuðningi eða öðrum fjárhagslegum hvötum.
- Hefja samtal milli sveitarfélaga, atvinnulífs og stuðningskerfis um hvaða hvatar henta best á hverju svæði
- Meta árangur úrræða og miðla reynslu á milli sveitarfélaga.

Mælanleiki

Fjöldi sveitarfélaga sem nýta eitt eða fleiri úrræði, fjöldi frumkvöðla og fyrirtækja sem fá stuðning og fjöldi nýsköpunarfyrirtækja sem stofnuð eru eða halda áfram starfsemi í heimabyggð.

Tímabil

2 ár


Stoð

Fjármagn

Flokkar

Stuðningskerfi · Atvinnulíf · Sveitarfélög

AÐGERÐ 4



Uppbygging sérhæfðs fjármögnunarumhverfis og sjóða á Suðurlandi

Unnið verði að því að auka fjármagnsflæði til nýsköpunar með því að byggja upp öflugt fjármögnunarumhverfi á Suðurlandi. Áhersla verði lögð á að tengja sunnlensk nýsköpunarverkefni betur við núverandi fjárfesta og fjárfestingarsjóði, virkja einkafjármagn og englafjárfesta og þróa nýjar leiðir þar sem eyður eru í fjármögnunarumhverfinu. Eftir atvikum geti það falið í sér eflingu núverandi sjóða eða þróun nýrra sérhæfðra fjármögnunarleiða.

Markmið með aðgerð

Auka aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að fjárfestingum og byggja upp samfelldara fjármögnunarumhverfi fyrir þróun og vöxt fyrirtækja á Suðurlandi.

Verkþættir

- Greina og þróa leiðir til fjármögnunar, meðal annars með samstarfi við starfandi fjárfestingarsjóði, eflingu núverandi sjóða, atvinnugreinatengdri fjármögnun og eftir atvikum nýjum sérhæfðum sjóðum.
- Virkja fyrirtæki og einkafjármagn til þátttöku í fjármögnun og nýsköpun, meðal annars með fræðslu um englafjárfestingar og uppbyggingu nets „sunnlenskra engla“.
- Leita leiða til að tengja sunnlensk fyrirtæki og verkefni við sunnlenska fjárfesta, meðal annars með viðburðum, gagnatorgum og markvissri tengslamyndun.
- Taka sem landshluti þátt í og styðja við viðburði og verkefni sem tengja sunnlensk fjárfestingartækifæri við innlenda og erlenda fjárfesta og auka sýnileika Suðurlands sem fjárfestingarsvæðis.

Mælanleiki

Heildarfjárfesting í sunnlenskum nýsköpunarfyrirtækjum, fjöldi verkefna sem fá fjárfestingu og fjöldi virkra fjárfesta sem tengjast verkefnum á svæðinu.

Tímabil

5 ár


Stoð

Fjármagn

Flokkar

Stuðningskerfi · Atvinnulíf · Sveitarfélög

AÐGERÐ 5



Uppbygging miðstöðvar nýsköpunar og atvinnu-þróunar á Suðurlandi

Kannaður verði grundvöllur fyrir sameiginlegri miðstöð nýsköpunar og atvinnuþróunar á Suðurlandi þar sem atvinnulíf, frumkvöðlar, sveitarfélög, stuðningskerfi og þekkingarsamfélag geti komið saman undir einu þaki. Miðstöðin verði vettvangur fyrir samstarf, tengslamyndun, þróun verkefna, ráðgjöf, vinnustofur og viðburði. Hún verði ekki staðgengill þeirrar aðstöðu og þekkingar sem þegar er til víða um Suðurland, heldur sameiginlegur kjarni sem tengir saman nýsköpunarsetur, þekkingarsetur, FabLab, klasa og aðra samstarfsvettvanga á Suðurlandi. Áhersla verði lögð á styrkleika og sérstöðu atvinnulífs Suðurlands og að skapa fleiri tækifæri til samstarfs, þróunar og nýrrar verðmætasköpunar.

Markmið með aðgerð

Skapa öflugan sameiginlegan vettvang fyrir nýsköpun, atvinnuþróun og þekkingarmiðlun sem tengir saman aðila á Suðurlandi, styrkir það net sem þegar er til staðar og eykur möguleika á samstarfi, þróun nýrra verkefna og verðmætasköpun.

Verkþættir:

- Setja á fót vinnuhóp sem kortleggur núverandi aðstöðu, starfsemi og innviði á Suðurlandi og greinir þörf, hlutverk, umfang og mögulega staðsetningu sameiginlegrar miðstöðvar.
- Vinnuhópurinn þrói tillögu að útfærslu miðstöðvarinnar, þar á meðal húsnæði, aðstöðu, tengingu við núverandi net og mögulegar fjármögnunarleiðir fyrir uppbyggingu og rekstur.
- Skilgreina hvaða starfsemi, þjónusta og fyrirtæki eigi heima í miðstöðinni og móta samspil vinnurýma, ráðgjafar, frumgerðasmiði, tilraunastarfsemi og living lab-nálgunar í takt við þarfir frumkvöðla og atvinnulífs.
- Byggja upp þjónustu og ráðgjöf sem styður við frumkvöðla, starfandi fyrirtæki og samstarfsverkefni á mismunandi stigum þróunar og tengir þau við viðeigandi sérþekkingu og aðstöðu.
- Við opnun og áframhaldandi starfsemi verði skapaður reglulegur vettvangur fyrir viðburði, vinnustofur, tengslamyndun og samstarfsverkefni, með sérstakri áherslu á styrkleika og sérstöðu atvinnulífs Suðurlands.

Mælanleiki

Framvinda uppbyggingar miðstöðvarinnar, fjöldi samstarfsaðila sem koma að þróun hennar, fjöldi fyrirtækja og verkefna sem nýta aðstöðu og þjónustu þegar starfsemi hefst, auk fjölda viðburða, vinnustofa og samstarfsverkefna sem verða til í tengslum við miðstöðina.

Tímabil

Allt að 10 ár


Stoð

Innviðir

Flokkar

Stuðningskerfi · Atvinnulíf · Sveitarfélög · Þekkingarsamfélag

AÐGERÐ 6



Hringrásarhagkerfi Suðurlands

Efld verði samvinna milli fyrirtækja og atvinnugreina til að nýta betur hliðarafurðir, úrgang, vatn, orku og aðra auðlindastrauma. Áhersla verði lögð á að tengja saman framboð og eftirspurn, þróa nýjar lausnir og skapa verðmæti úr auðlindum sem annars nýtast lítið eða fara til spillis. Byggt verði á þeirri starfsemi og þekkingu sem þegar er til staðar og skoðaðar fjölbreyttar leiðir til samnýtingar auðlinda, samstarfs fyrirtækja og þróunar grænna iðngarða.

Markmið með aðgerð

Auka nýtingu auðlinda, draga úr sóun og skapa ný verðmæti með aukinni hringrás og samstarfi milli atvinnugreina.

Verkþættir

- Kortleggja auðlindastrauma á Suðurlandi með samtali við fyrirtæki og hagaðila um framboð og eftirspurn eftir hliðarafurðum, úrgangi, vatni, glatvarma, orku og öðrum auðlindum og greina hvar raunhæf tækifæri eru til samnýtingar.
- Velja vænleg tækifæri úr kortlagningunni og þróa þau áfram í tilrauna- og samstarfsverkefni með þátttöku fyrirtækja, rannsókna, sveitarfélaga og stuðningsaðila.
- Koma á reglulegum vettvangi fyrir fyrirtæki úr ólíkum atvinnugreinum þar sem þau geta miðlað upplýsingum um auðlindir, þarfir og áskoranir og fundið mögulega samstarfsaðila.
- Styðja við þróun grænna iðngarða og annarra samstarfsverkefna með því að greina möguleika á samnýtingu innviða, orku, vatns, aðstöðu, þjónustu og hliðarafurða.
- Efla þekkingu og þátttöku fyrirtækja í hringrásarhagkerfinu með fræðslu, vinnustofum, góðum dæmum og miðlun á lausnum og viðskiptatækifærum.

Mælanleiki

Fjöldi kortlagðra auðlindastrauma og samstarfstækifæra, fjöldi tilrauna- og samstarfsverkefna og mælanleg aukning í nýtingu hliðarafurða, úrgangs, vatns eða orku.

Tímabil

2–5 ár


Stoð

Innviðir

Flokkar

Stuðningskerfi · Atvinnulíf · Sveitarfélög · Þekkingarsamfélag

AÐGERÐ 7



Uppbygging nýsköpunar-menningar í gegnum menntun

Stuðlað verði að uppbyggingu nýsköpunarmenningar á Suðurlandi með því að efla nýsköpunarhugsun, frumkvæði og skapandi lausnaleit á öllum skólastigum. Áhersla verði lögð á verkefnamiðað nám, tengingu við raunverulegar áskoranir og aukið samstarf milli skóla, atvinnulífs og rannsóknaraðila.

Markmið með aðgerð

Efla nýsköpunarhugsun og nýsköpunargetu íbúa Suðurlands frá unga aldri og styrkja tengsl menntunar við atvinnulíf, rannsóknir og samfélag.

Verkþættir:

- Efla þekkingu og hæfni kennara í gegnum grunnþjálfun, endurmenntun, stuðning og aðstoð við þróun og notkun námsefnis í nýsköpun.
- Nýta betur þá þekkingu, verkefni og aðstöðu sem þegar eru til á Suðurlandi, meðal annars hjá þekkingarsetrum, FabLab og öðrum stuðningsaðilum, og tengja þau við nýsköpunarnám, verkefnavinnu og þróun hugmynda.
- Efla samstarf milli skóla, atvinnulífs og rannsóknaraðila með það að markmiði að skapa fleiri raunverkefni í gegnum starfsnám, nemendaverkefni og samstarfsverkefni sem leysa úr áskorunum úr nærumhverfi nemenda.
- Styðja við hugmyndakeppnir, nýsköpunarverkefni og aðrar leiðir þar sem nemendur fá tækifæri til að þróa, prófa og kynna eigin hugmyndir og afurðir.
- Skoða möguleika á að efla nýsköpun í skólanámskrám og námsframboði, meðal annars með valáföngum og verkefnum á framhaldsskólastigi.
- Tengja nemendur við fyrirtæki og atvinnulíf, meðal annars í gegnum Atvinnubrú Suðurlands og kynningarviðburði atvinnulífsins.

Mælanleiki

Fjöldi skóla og nemenda sem taka þátt í nýsköpunartengdu námi og verkefnum, fjöldi samstarfsverkefna skóla og atvinnulífs og fjöldi nemendaverkefna sem tengjast fyrirtækjum eða rannsóknaraðilum.

Tímabil

3 ár


Stoð

Viðhorf

Flokkar

Stuðningskerfi · Atvinnulíf · Sveitarfélög · Þekkingarsamfélag

AÐGERÐ 8



Viðurkenning fyrir nýsköpun í starfandi fyrirtækjum

Viðurkenning fyrir starfandi fyrirtæki á Suðurlandi sem sýna frumkvæði, árangur og metnað í nýsköpun. Með viðurkenningunni verði kastljósinu beint að góðum dæmum úr atvinnulífinu, fyrirtækjum gefinn vettvangur til að segja frá sinni nýsköpunarvegferð og árangri þeirra miðlað sem hvatningu og fyrirmynd fyrir önnur fyrirtæki. Viðurkenningin verði jafnframt nýtt til að auka sýnileika þeirrar nýsköpunar sem þegar á sér stað í fyrirtækjum starfandi á Suðurlandi og styrkja ímynd landshlutans sem svæðis þar sem fyrirtæki þróast, prófa nýjar lausnir og skapa ný verðmæti.

Markmið með aðgerð

Vekja athygli á nýsköpun í starfandi fyrirtækjum, draga fram fyrirmyndir og hvetja fleiri fyrirtæki til að fjárfesta í þróun, nýjum lausnum og nýsköpun.

Verkþættir:

- Móta skýr og aðgengileg viðmið sem endurspegla fjölbreytt form nýsköpunar.
- Koma á ferli fyrir tilnefningar.
- Velja og kynna árlega fyrirtæki eða verkefni sem hafa sýnt fram á athyglisverða nýsköpun og skapað ný verðmæti.
- Skapa hvata fyrir fleiri fyrirtæki til þátttöku með því að tengja viðurkenninguna við sýnileika, tengslanet og tækifæri til að miðla reynslu sinni til annarra.

Mælanleiki

Fjöldi tilnefninga og þátttakenda, fjölbreytni fyrirtækja og atvinnugreina sem taka þátt, sýnileiki verðlaunahafa og fjöldi fyrirtækja sem miðla nýsköpunarverkefnum sínum.

Tímabil

3 ár

Stoð

Viðhorf

Flokkar

Stuðningskerfi · Atvinnulíf · Sveitarfélög



Framkvæmd og fjármögnun aðgerða

Aðgerðirnar eru tillögur að verkefnum og fela ekki í sér formlega úthlutun ábyrgðar eða skuldbindingu einstakra aðila eða stofnana.

Við mótun aðgerðanna kom þó ítrekað fram hjá vinnuhópnum að SASS gæti haft hlutverk við að halda utan um heildarsýn, samræma aðila og fylgja eftir framgangi aðgerða. Framkvæmd aðgerða og einstakra verkefnaþátta getur hins vegar verið í höndum sveitarfélaga, skóla, klasa, fyrirtækja, þekkingarsetra eða annarra sérhæfðra aðila. Þannig nýtist þekking og geta þeirra sem best eru til þess fallnir að leiða hvert verkefni, án þess að yfirsýn yfir heildina glatist.

Aðgerðirnar eru ekki fjármagnaðar sem hluti af stefnunni. Þeir aðilar sem framkvæma aðgerðir bera því ábyrgð á að útfæra verkefnið nánar, byggja upp viðeigandi samstarf og afla nauðsynlegrar fjármögnunar í samvinnu við SASS.



Samantekt

Nýsköpunarstefna Suðurlands er hugsuð sem sameiginlegt verkfæri fyrir þau sem vilja styðja við eflingu nýsköpunar í landshlutanum. Skjalið getur nýst sveitarfélögum, ríki, atvinnulífi, menntastofnunum og stoðkerfi nýsköpunar sem leiðarvísir við að móta áherslur, forgangsraða verkefnum og byggja upp öflugra nýsköpunarumhverfi, hvort sem er á Suðurlandi í heild eða innan einstakra svæða og sveitarfélaga.

Til að stefnan skili árangri þarf reglulega að fara yfir stöðu aðgerða, framvindu þeirra og árangur, þannig að hægt sé að bregðast við breyttum aðstæðum.

Eftirfylgni stefnunnar þarf jafnframt að byggja á skýrum markmiðum, ábyrgð og samtali milli þeirra aðila sem koma að framkvæmd hennar.

Árangur stefnunnar mun ráðast af því að ólíkir aðilar taki höndum saman og nýti hana sem hagnýtt innlegg í uppbyggingu nýsköpunar á Suðurlandi. Hún er því ekki aðeins stefna fyrir landshlutann, heldur farvegur fyrir áframhaldandi vinnu þar sem staðbundnir styrkleikar, þekking og samstarf eru nýtt til framtíðar.



Eftirmáli

Nýsköpun felur í sér ótalmargt, ekki bara í að stofna fyrirtæki. Hún felst líka í því að finna betri leiðir til að nýta hráefni, bæta þjónustu og þróa þá starfsemi sem fyrir er. Þetta sjáum við víða á Suðurlandi, þar sem fólk hefur lengi sýnt frumkvæði í landbúnaði, ferðaþjónustu, orkumálum og fjölmörgum öðrum greinum.

Góðar hugmyndir eru kveikja en þær duga ekki einar og sér. Það þarf að vera hægt að fá ráðgjöf, sækja fjármagn og vinna með fólki sem býr yfir annarri þekkingu. Þetta getur verið erfiðara á landsbyggðinni og þar þurfum við að gera betur.

Það er því sérstaklega ánægjulegt að sjá hvernig nýsköpunarstefna Suðurlands hefur verið unnin og ljóst að tækifærin eru svo sannarlega til staðar. Hún byggir á samtali við fyrirtæki, sveitarfélög, menntastofnanir og aðra sem þekkja landshlutann og vita hvar tækifærin liggja.

Verkefnið núna er að fylgja henni eftir og ég hvet ykkur til góðrar samvinnu við það. Þekkingarstofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og vinnuklasar þurfa að vinna náið saman. Þannig næst árangur og ég vil að fleiri geti byggt upp fyrirtæki, skapað störf og þróað hugmyndir sínar um allt land.

Logi Einarsson
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra

Verkefnastjórn

Margrét Polly Hansen
Háskólafélag Suðurlands

Hafdís Huld Björnsdóttir
RATA ráðgjöf

Ingveldur Sæmundsdóttir
Háskólafélag Suðurlands

Vinnuhópur

Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir
Framkvæmdastjóri hjúkrunar og heilsugæslu HSU
Björg Árnadóttir
Framkvæmdastjóri Midgard
Dóra Björk Þrándardóttir
Nýsköpunarstjóri hjá Landsvirkjun
Eva Bjarnadóttir
Byggðaþróunarfulltrúi SASS fyrir Hornarfjörð
Eva Lind Guðmundsdóttir
Ölfus Cluster
Fjóla Einarsdóttir
Framkvæmdastjóri Livefood
Helga Kristín Sæbjörnsdóttir
Háskólafélag Suðurlands
Hugrún Harpa Reynisdóttir
Forstöðukona Nýheima þekkingarseturs
Ingunn Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri SASS
Ingunn Gunnarsdóttir
Leiðtogi nýsköpunar hjá ON
Katrín Gunnarsdóttir
Forstöðumaður Kirkjubæjarstofu
Magnús Stephensen
FabLab Selfoss
Oddur Ólafsson
Stofnandi Horseday
Ólafur Eggertsson
Bóndi
Rakel Theodórsdóttir
Byggðaþróunarfulltrúi Uppsveita Árnessýslu
Sveinn Aðalsteinsson
Framkvæmdastjóri Orkídeu

Grafísk hönnun

Studio ● Arnar Ingi

Gefið út af Háskólafélagi Suðurlands
2026